Listasafn Reykjavíkur
Reykjavik Art Museum

Hafnarhús
18.09. 2010 – 28.08. 2011

# Erró: klippimyndir / collages
# 1950 – 2010



*The Trio*, 1993
Samklipp/Collage, 25.5 x 14.4 cm



Erró: klippimyndir / collages
1950 – 2010

Sýningarstjóri / Curator:
Danielle Kvaran

## Erró: klippimyndir (1950–2010)

Klippimyndirnar eru fyrst og fremst listform sem Erró uppgötvaði og þreifaði sig áfram með í Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1950-1951, undir áhrifum tveggja kennara, Evu Maríu Feistel og Valgerðar Briem. Þar notaði hann rifinn eða tilklipptan, litaðan pappír til þess að búa til óhlutbundin og hlutbundin verk með fyrirmyndir bæði í nútímalistasögu (rússneskum súprematistum, Matisse o.s.frv.) og í ýmsum alþýðuhefðum (samhverfum klippimyndum, pappírsblúndu, skuggamyndum...).

Erró hóf þó ekki meðvitað notkun samklippu fyrr en í lok 6. áratugarins og þá í formi mynda og prentaðra texta. Hann dvaldi um nokkurt skeið í Ísrael árið 1958 og gerði þá röð samklipputeikninga sem nefnist á frönsku *Démasquez les physiciens, videz les laboratoires* (*Radioactivity* á ensku), en hún vitnar í herferð súrrealista í París gegn kjarnorku. Þessi verk eru unnin með blandaðri tækni og fela í sér samsetningu af myndbrotum eða setningum sem klipptar eru úr blöðum á enskri tungu (*Life* eða *Newsweek*) annars vegar og hins vegar af persónum sem eru teiknaðar fríhendis, þrungnum mikilli spennu og virka sem grátbroslegt mótvægi. Ári síðar er Erró í París þar sem hann hefur sest að, en á þeim tíma hættir hann að fást við grafíska sköpun í klippimyndum sínum. Í stað þess notast hann aðeins við vélrænar endurgerðir ljósmynda völdum úr vinsælum tímaritum og ritum um tæknileg efni og nálgast þannig það ferli sem var í hávegum haft hjá dadaistum og súrrealistum. Hann verður sér meðal annars úti um gömul eintök af *L'Usine nouvelle, Life, Elle* og *Marie-Claire* í kílóatali og klippir úr þeim fjöldann allan af myndum til þess að skapa myndröðina *Méca-Make-up* (1959-1960) sem er samsetning þar sem vélum og verksmiðjuhlutum er blandað við andlit fyrirsæta. Hann nær hámarki hinnar frumlegu sköpunar sinnar með því að breyta síðan hluta þessara fyrstu mynda í málverk og þar með fær klippimyndin tvöfalt hlutverk: hlutverk heilsteypts verks með eigin ásjónu og hlutverk skissu að nýjum stíl. Það er þó ekki fyrr en árið 1964, þegar listamaðurinn kynnist bandarísku neyslu- og fjölmiðlasamfélagi í New York, að þessi tvíþætta aðferð verður kerfisbundin og klippimyndin verður „einstakur lykill að sköpunarvirkni og gerð allra verka hans". i

Sýningin sem sett hefur verið upp af Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu veitir almenningi í fyrsta skipti tækifæri til að skoða úrval 130 klippimyndir sem Erró hefur gefið safninu síðan 1989. Um er að ræða samklipputeikningar og samklippuuppsetningar (montage) en einnig tilklipptan pappír frá námsárunum. Tímaröð er fylgt, sem útilokar þó ekki þemaskiptingu, enda skapar listamaðurinn verkin yfirleitt í þematengdum syrpum (*Kínverk málverk, Geimferðasyrpa, 1001 nótt* o.s.frv.). Í síðasta hluta sýningarinnar er veitt innsýn í sköpunarferli listamannsins með því að tengja tiltekin málverk við klippimyndirnar sem lagðar voru til grundvallar að þeim.

Danielle Kvaran, sýningarstjóri

## Tilvitnanir Errós

Það gildir eins konar lögmál sem veitir myndaröðum líf frá því andartaki sem þær koma saman við myndir sem vinna með þeim myndrænt séð. Og þá leita ég, stundum langa lengi, að því efni sem getur blásið lífi í myndasafnið hjá manni. Til þess að myndir geti átt saman verð ég að finna fyrir sameiginlegri spennu þeirra á milli. Stundum skapast samræmi við það að hlutir stangast á.

Það eru myndir allt í kringum okkur, við sleppum ekki frá þeim. Það liggur beint við fyrir kynslóð listamanna að nota þetta efni sem snertir svo samtíð okkar frá öllum hliðum. Mér finnst ég vera eins konar annálsritari, fréttamaður hjá stofnun, sem geymir allar myndir heimsins og það er hlutverk mitt að fella þær saman.

Allar myndir eru þess virði að vera skoðaðar, hvort sem þær eru pólitískar, félagslegar, sögulegar, vísindalegar, menningarlegar eða erótískar, hvort sem þær eru teiknimyndasögur, skopmyndir, eftirprentanir, auglýsingar eða eitthvað annað, bara þær séu prentaðar. Einkum gildir þetta um teiknimyndasögur. Tungumál teiknimyndasagna er alþjóðlegt, allir geta skilið það, ekki bara listunnendur. Ég notaði teiknimyndasögur í fyrsta sinn í verk mín 1963-1964 meðan á dvöl minni í Bandaríkjunum stóð.

Samklippið er skemmtilegasti hluti vinnunnar, sá frjálsasti. Það er næstum eins og ósjálfráð skrift. Hér finnur maður formlegar lausnir á því hvernig maður fyllir flötinn, „all-over"-viðhorfið, eins og sagt er um bandaríska afstrakt-expressjónismann. Samklippið er frummynd og fyrirmynd í senn.

Ég er alltaf að svipast um eftir myndum, skjölum, tímaritum, vörulistum og myndskreyttum orðabókum. Ég hef þörf fyrir áhrifaríkt efni og á ferðalögum mínum leita ég úti um allt á fornbókasölum og söluturnum. Ég safna gríðarlega miklu efni og þegar ég hef náð saman fjölda mynda sem tengjast ákveðnu myndefni, þá get ég hafist handa á myndasyrpu. Ferlið gengur þá út á að velja myndir, „gefa þær saman", svo þær verði að klippimynd, og síðan að málverki.

1 Alain Jouffroy, „Célébration des „collages" d'Erró", úr *Erró. Collages 1957-1980*, (sýningarskrá), Paris, Galerie Le Dessin, 1981.



*Méca-Portrait*, 1959
Samklipp/Collage, 32 x 24 cm

**Starfsferill**

1932 Erró fæðist á Ólafsvík 19. júlí og hlýtur nafnið Guðmundur Guðmundsson.

1949-1952 Stundar nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þar vinnur hann með pappírsklipp.

1952-1954 Erró nemur við Statens kunstakademi í Osló og lærir prentlist í Statens håndverks- og kunstindustriskole.

1954-1956 Stundar nám við Accademia di Belle Arti í Flórens og Mósaíkskólann í Ravenna.

1958 Vinnur samklippu-teikningar fyrir myndaröðina *Radioactivity* í Jaffa.

1959 Hefur sest að í París og kynnist þar áhrifamönnum í súrrealistahreyfingunni. Vinnur nokkur hundruð klippimyndir. Margar þeirra verða fyrirmyndir málverka, að hluta eða í heild.

1962 Sýnir klippimyndir, teikningar og málverk í Galerie Jean Dols í Liège. Tekur þátt í sýningu í Galerie Raymond Cordier í París með *Mechacollages and objects*.

1963 Á aðventu í New York hættir Erró að vinna með eigin form. Hann nýtir sér myndefni úr ranni dægurmenningar, sérstaklega teiknimyndasögur og auglýsingar, við gerð klippimyndaraðar. Mörgum klippimyndanna varpar hann á vegg með skuggamyndavél eða skjávarpa. Þessar myndir nýtir hann sem fyrirmyndir að málverkunum sem hann byrjar að mála árið 1964.

1965 Klippimyndir eru meðal verka á sýningu hans í Listamannaskálanum í Reykjavík. Erró vinnur klippimyndir fyrir „Mónu Lísu hátíðina" í Galerie Mathias Fels í París.

1969 Sýnir 77 klippimyndir á sýningunni „3515 Erró" í Galerie Claude Givauclan í París.

1976 Sýnir erótískar klippimyndir í Galerie de Larcos í París.

1977 Sýnir klippimyndir undir yfirskriftinni *The Chinese in Ibiza* í Galería Lanzenberg á eyjunni Ibiza.

1978 Sýning á klippimyndum úr röðinni *The Chinese in Geneva* í Canon-ljósmyndagalleríinu í Genf.

1981 Yfirlitssýning með 58 klippimyndum í Galerie Le Dessin í París.

1983 Dvelur í Bangkok og notar klippimyndir sem fyrirmyndir fyrir vatnslitamyndir.

1985 Sýning á víðáttumyndum („scapes") Errós og klippimyndunum sem hann byggði þær á í ARC 2, Musée d'Art Moderne de la Ville de Paris.

1986 Sýning á klippimyndum og málverkum úr *Counterpoints*-myndaröðinni í Musée d'Art et d'Historie í Belfort.

1991 Erró tekur þátt í sýningunni „Stefnumót: klippimyndir í hálfa öld" í Galerie Claudine Lustman í París.

1992 Sýning á 163 klippimyndum í Galerie Berggruen í París.

1996 Sýning á 21 klippimynd úr myndaröðinni *Political Paintings* á Wilhelm-Busch-Museum í Hanover, ásamt 54 málverkum.

1999 Sýning á klippimyndum og málverkum sem Erró vann fyrir Renault í Espace Culturel Hippolyte Mars í Equeurdreville-Hainneville. Í París er sýningin „Erró, klippimyndir 1959-1989" opnuð í Galerie Laurent Strouk og í Galerie Nationale du Jeu de Paume eru sýndar 24 klippimyndir á sýningunni „Erró, myndir af öldinni".

2001 Sýning á 64 klippimyndum í Galerie Ernst Hilger í París og Vín.

2006 Sýningin „Erró, - hin mikla klippimynd veraldarinnar" í Institut Valencià d'Art Modern í Valencia og í Sala Alcalá 31 í Madrid þar sem sýndar eru 16 klippimyndir og 72 málverk.

2008 Sýning á klippimyndum og málverkum úr myndaröðinni *Azulejos in Oil* í Galeria António Prates í Lissabon.

2010 Í Galerie d'Art Graphique í Musée National d'Art Moderne í París er opnuð sýningin „Erró, klippimyndir í hálfa öld". Listasafn Reykjavíkur sýnir einnig val klippimynda úr safni sínu.



*Án titils / Untitled*, 1958,
Samklipp / Collage, 32 x 25 cm

## Erró: Collages (1950–2010)

Collage is a form of artistic expression that Erró first discovers and experiments with at the Icelandic School of Arts and Crafts in Reykjavík from 1950 to 1951 at the instigation of two professors: Eva Feistel and Valgerdur Briem. From torn or cut paper elements coloured beforehand, the young Erró creates a cohesion of abstract and figurative compositions whose inspiration is derived from the history of modern art (Russian Supremacists, Matisse...) as well as from popular artistic practices (symmetrical cut-outs, lace paper, silhouettes...).

Collage only becomes an integral part of Erró's art at the end of the '50s, from which point on he uses prints and images as the components for its construction. During an extended stay in Israel in 1958, Erró composes the series of drawing-collages, *Démasquez les physiciens, videz les laboratories!* (or *Radioactivity*) which echoes an anti-nuclear campaign launched by the Surrealists of Paris. Drawing from multiple techniques, these works consist of a juxtaposition of image fragments or phrases cut out from sources of English press (*Life* or *Newsweek*) resulting in melodramatic parsimony with simple illustrations drawn free-hand, portrayed in a state of extreme tension. The following year in Paris, where he permanently settles, Erró abandons this graphic method in his collages and elects to exclusively utilise photomechanical reproductions chosen from technical publications and popular press, thus reviving a practice exercised by the Dadaists and Surrealists. For example, from the magazines *L'Usine, Life, Elle* and *Marie-Claire* – of which he acquires old editions by the truckload – he cuts out a number of images that give rise to the series *Méca-Make-up* (1959–1960), compositions entangling machines and manufactured components onto the faces of fashion models. In paramount originality, he promptly transposes a portion of his first montages of illustrations into painting, thus imbuing the collage art form with a dual status: that of a full-fledged work endowed by Visual Arts and that of the outline of a new genre. However, it would not be until 1964 when Erró is inundated beneath the unrelenting cascade of mass-culture imagery in New York that this dual compositional technique systemises and the collage becomes "the sole key to the creative mechanism and production of all [his] art." i

The exhibition organised by the Reykjavík Art Museum at Hafnarhús offers, for the first time, the opportunity to discover a selection of 130 collages donated to the museum by Erró since 1989. Uniting his drawing-collages and collage-montages as well as cut-out work from his student years the exhibition follows an overall chronological progression that does, however, not exclude thematic division, because Erró usually creates his works in thematic series (*Chinese Paintings, Spatial Series, 1001 nights*, etc.). The final part of the exhibition invites further inspection into Erró's creative process by placing several paintings alongside their preparatory collage equivalents.

Danielle Kvaran, curator

## Quotations from Erró

There is a kind of law which permits a series of images to exist from the moment they have found other images, and have a pictorial effect. And so I may sometimes spend a long time seeking documents which will bring the stock of pictures to life. A successful "marriage" between images calls for awareness of the possibility of mutual tension. Sometimes harmony develops out of their forceful confrontation.



*Christmas Joy*
ca. 1963,
Samklipp / Collage
31 x 41 cm

We are besieged by pictures, we cannot escape them. It was perfectly natural for a generation of artists to make use of this extraordinary material, which is thoroughly concerned with our time. I feel I am like a sort of chronicler or reporter, in a huge agency which collects every picture in the world, and it is up to me to make a synthesis of them.

All images are worthy of attention, whether they are political, sociological, historical, scientific, cultural or erotic, whether they are comic strips, caricatures, reproductions, posters; anything, so long as it is printed. This is especially true of comic strips. They speak a universal language, which anyone can understand, not just art lovers. The first images from comics appeared in my paintings in 1963-1964 during a stay in the USA.

Collage is the most exciting part of my work, the most free. It is almost like automatic writing. It is here that formal solutions are found to fill the pictorial surface, the all-over aspect as they say of the American abstract-expressionists. The collage is simultaneously the original and the prototype.

I am always on the lookout for images, documentation, magazines, catalogues, and illustrated dictionaries. I need effective material and, in the course of my travels, I dig everywhere at booksellers, and in stands. I accumulate an enormous quantity of material and, as I bring together a lot of images, a theme emerges; this is the sign to begin a new series. The process then consists of gleaning, of making a selection of images to "marry" them together in collages, then paintings.

i Alain Jouffroy, "Celebration of the 'collages' by Erró", in *Erró. Collages 1957-1980*, (exh. cat.), Paris, Galerie Le Dessin, 1981.

**Brief chronology**

1932 Erró was born Guðmundur Guðmundsson in Ólafsvík, Iceland, on 19 July.

1949-1952 Studies at the Icelandic School of Arts and Crafts in Reykjavík. Works on the technique of paper cut-outs.

1952-1954 In Oslo, enrols at the National Academy of Fine Arts and learns printmaking at the Academy of Craft and Art Industry.

1954-1956 Attends the Academy of Fine Arts in Florence and the Mosaic Art School in Ravenna.

1958 In Jaffa, executes the drawings-collages of the *Radioactivity* series.

1959 In Paris, where he has settled, meets figures from the Surrealist movement. Produces several hundred collages, a number of which form the partial or complete template for paintings.

1962 Exhibits collages together with paintings and drawings at Galerie Jean Dols, Liège. Participates with *Mechacollages and objects* in the exhibition at Galerie Raymond Cordier, Paris.

1963 In New York starting in mid-December, abandons the idea of inventing personal forms. Employs mass-culture imagery (especially comics and advertising) to start a series of collages which, often enlarged using an episcope or projector, will give rise to paintings in 1964.

1965 Includes collages in his exhibition at the House of Artists in Reykjavík. Conceives an assemblage of collages for the "Mona Lisa Festival" at Galerie Mathias Fels, Paris.

1969 Presents a set of 77 collages in the "3515 Erró" pieces exhibition at Galerie Claude Givaudan, Paris.

1976 Exhibits erotic collages at Galerie de Larcos, Paris.

1977 Shows *The Chinese in Ibiza* collages at Galería Lanzenberg, Ibiza.

1978 Exhibits *The Chinese in Geneva* collages at the Canon Photo gallery, Geneva.

1981 Presents a 58-collage retrospective at Galerie Le Dessin, Paris.

1983 In Bangkok, uses collages as models for watercolours.

1985 Exhibits the "scapes" with their preliminary collages at ARC 2, Musée d'Art Moderne de la Ville de Paris.

1986 Shows collages and paintings from the *Counterpoints* series at the Art and History museum of Belfort.

1991 Participates in the exhibition "Encounters: 50 years of collages" at Galerie Claudine Lustman, Paris.

1992 Presents 163 collages at Galerie Berggruen, Paris.

1996 21 collages from his *Political Paintings* are exhibited at the Wilhelm-Busch-Museum, Hanover, along with 54 paintings.

1999 The collages and paintings commissioned by Renault are shown at the Espace Culturel Hippolyte Mars, Equeurdreville-Hainneville. In Paris, the Galerie Laurent Strouk presents "Erró, collages 1959-1989" and the Galerie Nationale du Jeu de Paume includes 24 collages in the exhibition "Erró, images of the century".

2001 Exhibits 64 collages at Ernst Hilger in Paris and Vienna.

2006 The exhibition "Erró – The Big World Collage", at Institut Valencià d'Art Modern, Valencia, and at Sala Alcalá 31, Madrid, features 16 collages and 72 paintings.

2008 Exhibits collages and paintings from the *Azulejos in Oil* series at Galeria Antònio Prates, Lisbon.

2010 The Galerie d'Art Graphique at the Musée National d'Art Moderne, Paris, presents "Erró, 50 years of collages." The Reykjavík Art Museum also shows a selection of collages from its own collection.



*Winston Churchill*, ca. 1967, samklipp/collage, 66.7 x 71.7 cm



*La Pétroleuse*, 1977.
Samklipp/Collage, 25 x 21 cm

*Insulation*, 1972
Samklipp/Collage,
17 x 29 cm



**Opið** / Opening hours

**Hafnarhús** Tryggvagata 17, daglega / daily 10 – 17

Hafnarhúsið er opið til kl. 22:00 öll
fimmtudagskvöld. Fjölbreytt dagskrá.

All Thursdays Hafnarhús is open until 10 p.m.
Diverse events.

**Ókeypis aðgangur**
**Free admission**

Hægt er að panta leiðsögn fyrir almenna hópa. Einnig er hægt
að fá leiðsögn á erlendum tungumálum og táknmálstúlkun
með nokkurra daga fyrirvara.

Guided tours for various groups in different languages are available
upon requests. Please allow a few days notice.

Upplýsingar / Info: fraedsludeild@reykjavik.is

VÍFILFELL

www.listasafnreykjavikur.is listasafn@reykjavik.is S +354 590 1200 F +354 590 1201